

Skaftár- og Mýrdalshreppur  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. júní 2016  
UST201605-175/K.S.J.  
10.04.03

## Efni: Tillaga að deiliskipulagi austurhluta Víkurþorps.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár- og Mýrdalshreppi er barst 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi austurhluta Víkurþorps.

### Skipulagssvæðið og tilgangur skipulagstillögu

Í upphafi greinargerðar kemur fram að tilgangur deiliskipulagstillögunnar er að auka framboð af verslunar- og þjónustulóðum, skapa samfellt iðnaðar- og athafnasvæði í austasta hluta Víkur og færa þjóðveg 1 á deiliskipulagssvæðinu.

### Frárennsli og veitur

Umhverfisstofnun tekur undir það að skv. greinargerð er reiknað með 3 þrepa hreinsun á fráveitu innan þéttbýlis eða sambærilegu í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

### Sjóvarnir

Í greinargerð kemur fram að framlengja þarf sjóvarnargarð er liggur sunnan og austan við núverandi atvinnulóðir áður en uppbygging hefst á austurhluta svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að við framkvæmdina þarf að gæta að sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar og að útirvistar- og verndargildi fjörunnar rýrni ekki.

### Færsla á þjóðvegi 1

Í umfjöllun um umhverfisáhrif kemur fram að þess skuli gætt að nýr vegur skerði ekki upplifun ferðamanna er fara um fjöruna. Umhverfisstofnun bendir á að færsla hringvegur í fjöru neðan Víkur er hluti af áætlun um að þjóðvegur 1 fari um göng gegnum Reynisfjall og að hringvegur 1 liggja milli Víkurfjöru og Víkurþorps. Umhverfisstofnun bendir á að í tillögu um færslu hringvegur vestan Reynisfjalls fer vegurinn um votlendi er nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og við Dyrhólaós sem er á náttúruminjaskrá. Einnig færi vegurinn um Reynisfjöru og hefur Umhverfisstofnun ætíð gert athugasemdir við þá staðsetningu hringvegur þar sem um óásættanlega röskun ofangreindra náttúruminja yrði að ræða.

Að mati Umhverfisstofnunar myndi vegur frá Reynisfjalli að austanverðu milli fjöru og þorps hafa neikvæð áhrif á landslag og útirvistar- og verndargildi svæðisins, þar sem manngerður vegur myndi kljúfa ósnortna fjöruna. Umhverfisstofnun bendir á að sjávarsýn og ósnortin náttúra dregur að ferðamenn og því gæti breytingin haft neikvæð áhrif á samfélag þar sem svæðið hefði ekki sama aðdráttarafl fyrir ferðamenn og áður.

## Niðurstaða

Umhverfisstofnun gerir enn sem áður athugasemd við færslu hringveggar 1 í fjöru neðan Víkur, milli Víkurfjöru og Víkurþorps.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við stækkun athafnasvæðis í austurhluta Víkurþorps en minnir á mikilvægi þess að gætt sé að því að sjónrænum áhrifum sé haldið í lágmarki og að útivistar- og verndargildi fjörunnar rými ekki.

## Ábendingar

Umhverfisstofnun bendir á að merkja mætti svæði I2 betur á uppdrætti. Einnig bendir stofnunin á að í töflu yfir umhverfisáhrif á bls. 23, þar sem fjallað er um umhverfisþáttinn heilsa og öryggi er ástæða til að fara yfir texta og ljúka setningunni.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur